

## HAFNARFJÖRÐUR

### 1509727– Íþróttafélög þjónustusamningur

I.

Á bæjarstjórnarfundum þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannsdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir m.a. fram eftirfarandi fyrirspurn:

*Sveitarstjórnarlög kveða meðal annars á um ábyrga meðferð bæjarfulltrúa á fjármunum sveitarfélagsins en í 65 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir m.a. eftirfarandi:*

*„Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti...“*

*Eitt af þeim húsum á Kaplakrika sem nú er fyrirhugað að kaupa (íþróttahús) er talið hafa verið gefið FH af bæjarstjórn árið 1989. Samkvæmt samkomulagi sem gert var þar um var gert ráð fyrir að ýmis skilyrði yrðu uppfyllt frá og með árinu 2005, sem virðist síðan ekki hafa verið gert. Hinn eiginlegi gjafagjörningur hefur þannig ekki farið fram og er húseignin enn færð sem eign bæjarsjóðs í bókum sveitarfélagsins, að 80% hluta. Ljóst er miðað við það að hinn meinti gjafagjörningur hefur ekki verið gjaldfærður í bókum bæjarins. Komi til þess nú að bærinn kaupir húsnæðið að fullu þarf m.a. að gjaldfæra gjafagjörninginn.*

*Gangi ætlan meirihlutans eftir í þessu máli óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta svara við því hvernig ætlunin sé að mæta útgjöldum vegna þessa meinta gjafagjörnings upp á hundruð milljóna króna í ársreikningi sveitarfélagsins 2018 þannig að ekki verði halli á rekstri A hluta bæjarsjóðs. Einnig er óskað svara við því hvernig þessi fyrirhuguðu kaup á eigin eign eru talin samræmast 65. gr. sveitarstjórnarlaga um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins.*

#### Svar:

F.H. og Hafnarfjarðarkaupstaður gerðu með sér samning um byggingu íþróttahúss í Kaplakrika 7. janúar 1989. Skv. 7. gr. samningsins verður F.H. eigandi hússins að fullu 1. janúar 2005. Samningurinn var samþykktur í bæjarstjórn 10. janúar 1989.

Þegar eignaskiptasamningur á milli bæjarins og F.H. liggur fyrir er ljóst að að skoða þarf þær eignfærslur sem eru í bókum bæjarins sérstaklega þar með talið að taka tillit til bókfærðar stöðu íþróttahússins, sem er um 92 milljónir króna. Breytir þá engu hvort að sveitarfélagið byggi



## HAFNARFJÖRÐUR

sjálft nýtt knatthús eða kaupi eldri eignir. Gjaldfærsla tengd umræddu húsi væri sjálfstæð aðgerð, óháð rammasamkomulagi og getur aldrei orðið hærri en 92 milljónir króna.

Þegar eign er færð úr bókhaldi bæjarins kallar það á gjaldfærslu en hefur ekki áhrif á sjóðsstreymi þar sem færslan kallar ekki á útgjöld.

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðsII.

### II.

Á bæjarstjórnarfundum þann 15. ágúst s.l. lögðu fulltrúar minnihluta, Adda María Jóhannsdóttir, Bjarney Grendal Jóhannesdóttir, Guðlaug Svava Steinunnar Kristjánsdóttir, Jón Ingi Hákonarson og Sigrún Sverrisdóttir m.a. fram eftirfarandi fyrirspurn:


*Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi forseta bæjarstjórnar var utanaðkomandi lögfræðingur að vinna að minnisblaði varðandi framangreint samkomulag við FH í lok síðasta kjörtímabils fyrir sveitarfélagið.*

*Með vísan til þess óska undirritaðir bæjarfulltrúar minnihluta bæjarstjórnar eftir að þetta minnisblað verði lagt fram, eigi síðar en fyrir næsta fund bæjarstjórnar.*

### Svar:

Að ósk fyrrverandi bæjarstjóra tók Andri Árnason lögmaður hjá Juris lögmannsstofu saman minnispunkta varðandi álitafni í tengslum við samning við FH frá 1989 um byggingu og rekstur íprótthúss. Tilfni þess var ákvæði samkomulagsins um eignayfirfærslu á tilteknu stigi síðar, sem hafði þá ekki komið til framkvæmda í samræmi við ákvæði samningsins. Af hálfu lögmannsins var skjalið sent sem drög í vinnslu og merkt sem trúnaðarmál, enda um að ræða ráðgjöf við bæjarstjóra. Þar sem álitafnið, við gerð minnispunktanna, gat að mati hans hugsanlega orðið að ágreiningsefni milli sveitarfélagsins og viðsemjandans tiltók lögmaðurinn að af þeim ástæðum væri það undanþegið upplýsingalögum, sbr. 3. tl. 6. gr. upplýsingalaga.

Minnisblaðið er birt í fundargátt bæjarfulltrúa.



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Sigríður Kristinsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

